



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Viðtakandi: Halldóra Viðarsdóttir

Sent á nefndasvid@althingi.is

Dags. 23.11.2023

Varðar: umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjarnám á háskólastigi, mál [72/154](#).

Háskólinn á Bifröst tekur heilshugar undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar, að nauðsynlegt sé að nýta þá reynslu og tækniþróun sem orðið hefur vegna heimsfaraldurs til að flýta fyrir því að fjarnám á háskólastigi eflist. Tækni og tækifæri séu til staðar og ekkert því til fyrirstöðu að sæta lagi.

Þá getur Háskólinn á Bifröst staðfest, að fjarnám á háskólastigi fjölgar námstækifærum verulega og getur með því móti auðveldað fólki að hefja nám sem hefði ella veigrað sér við því, s.s. vegna búsetu eða annarra skuldbindinga, eins og segir í niðurlagi greinargerðar með þingsályktunartillögunni.

Eins og einnig kemur fram í greinargerðinni, þá hefur þingsályktunartillagan verið flutt í fjórgang áður, síðast á 153. löggjafarþingi (111. mál) en í það skiptið með töluverðum breytingum. Nú er tillagan endurflutt nær óbreytt. Um leið og Háskólinn á Bifröst fagnar því að tillagan hafi verið endurflutt, telur háskólinn flest benda til þess að hana þurfi að endurskoða á nýjan leik, aðallega vegna áforma háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um setningu nýrra reglna vegna árangurstengdrar fjármögnunar háskóla, sbr. mál nr. 192/2023.

Málið snýst um endurskoðun á reiknilíkani sem ákvarðað hefur framlög ríkisins til háskóla og ætlað er að auka gagnsæi og hagkvæmni í rekstri þeirra, með því m.a. að árangurstengja framlögin. Mikil þörf var á endurskoðun þessa reiknilíkans. Það voru Háskólanum á Bifröst því vonbrigði að innbyggðir mælikvarðar þess ná með takmörkuðum hætti til fjarnáms.

Eins og rakið er umsögn háskólans til ráðuneytisins vegna málsins dags. 12. nóvember sl., þá fellur reiknilíkanið að fremur illa að þörfum háskóla með hátt hlutfall af nemendum í fjarnámi. Hagkvæmni stafrænna kennsluhátta reiknast sem dæmi til frádráttar, þ.e. kemur fram sem frádráttarliður í fjárframlögum til háskólans. Að óbreyttu mun þetta fyrirkomulag lækka heildarframlög til Háskólans á Bifröst um 6%. Þá nær samfélagslegt hlutverk

Háskólans á Bifröst einnig skammt sé litið til þess þáttar reiknilíkansins sem ætlað er að styðja við eflingu byggða, en samkvæmt þeim lið er framlag til háskólans ekkert.

Með hliðsjón af ofansögðu má velta upp þeirri spurningu hvort ein af meginforsendum þess að efla fjarnám á háskólastigi sé sú, að reiknilíkan þess opinbera taki betur en nú er til fjarkennsluháskóla og að jafnræðis sé þannig gætt á milli stafrænna kennsluhátta annars vegar og staðbundinna hins vegar í fjármögnun ríkisins vegna háskólastigsins.


Til gagns og gamans og svo geta þess hér, að nemendur við Háskólann á Bifröst þreyta próf víða um land. Á þessu ári tóku þeir próf á Akranesi, Akureyri, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Hólmavík, Hvolsvelli, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsvík, Reykjanesbæ, Reykjavík, Sauðárkróki, Selfossi, Siglufirði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum. Þar sem í flestum tilvikum er um próftöku að ræða í samstarfi við símenntunarstöðvar á stað, má jafnframt gera ráð fyrir að nemendur háskólans dreifist víðar um landið en upptalningin hér að ofan gefur til kynna.

Ef litið er út fyrir landsteinana þá þreyttu nemendur Háskólans á Bifröst próf í Ástralíu, Bandaríkjunum, Búlgaríu, Danmörku, Ítalíu, Kanaríeyjum, Portúgal, Spáni, Svíss, Ungverjalandi og Þýskalandi. Í sumum tilvikum er um fleiri en eina borg að ræða í viðkomandi landi, eins og t.d. í Danmörku en þar voru nemendur búsettir bæði í Árósum og Kaupmannahöfn. Séu þessir erlendu próftökustaðir rýndir þá má jafnframt greinar þar vissa samfellu við dvalarstaði hjá íslensku afreksfólki í íþróttum

Þessi upptalning ber að mörgu leyti glögg vitni um mátt stafrænna kennsluhátta og nánast ótakmarkaða möguleika varðandi aðgengi að námi á háskólastigi.

Að öðru leyti vísar Háskólinn á Bifröst til fyrri umsagnar sinnar um tillöguna er hún var lögð fyrir á 153. löggjafarþingi (111. mál).

Virðingarfyllt,



Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor

Alþingi,
Allsherjar- og menntamálanefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 22. Nóvember 2023

Umsögn; þingsályktun Fjarnám á háskólastigi, mál 72, 154. löggjafarþing

Vestfjarðastofa ritar umsögn f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samkomulagi þessara aðila um verkefni sambandsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga kynnir hér Menntastefnu Vestfjarða sem innlegg í umræðu varðandi þingsályktun um fjarnám á háskólastigi.

Stefnan er kynnt með fyrirvara, þar sem hér um ræðir drög sem eru nú til lokaafgreiðslu í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar

MENNTASTEFNA VESTFJARÐA

2023 – 2040

DRÖG



Október 2023



Menntastefna Vestfjarða felur í sér sameiginlegar hugsjónir og áherslur íbúa á Vestfjörðum í menntunar- og fræðslumálum. Stefnan nær til fjórðungsins alls og er hún hugsuð sem heildræn sýn fyrir öll skólastig.

Yfirmarkmið Menntastefnu Vestfjarða eru sex talsins. Fyrsta markmið hennar er að hækka menntunarstig á Vestfjörðum sem hefur verið undir landsmeðaltali. Það á að gera með bættu aðgengi að hágæða menntun fyrir alla samfélagshópa. Næsta markmið felur í sér stofnun Lærdómssamfélags á Vestfjörðum sem tengir saman sveitarfélög, fræðsluaðila og atvinnulíf.

Ákall er eftir að mæta þeim breyttu áherslum sem heimurinn í dag, nútímalíf og starfsumhverfi kalla eftir og snúa næstu tvö markmið stefnunnar að því. Í þeim felst að efla nýsköpun til sjálfbærni og að í menntamálum sé unnið út frá tengingu við nærsamfélagið og það atvinnulíf sem þar þrífst. Þá verði áhersla lögð á skapandi greinar sem felur í sér tengingu við menningarlífið og inn í samfélagið. Þá er markmið að lögð verði áhersla á að efla fjölmenningsamfélagið á Vestfjörðum með jákvætt hugarfar, velferð og sterka sjálfsmynd að leiðarljósi. Þar sem Menntastefna Vestfjarða er hugsuð á breiðum grunni er henni ætlað að stuðla að námsumhverfi sem styður við menntun alla ævi.




Menntastefna Vestfjarða er mótuð út frá Krossgötum – Sviðsmyndagreiningu Vestfjarða og áhersluþáttum í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024. Sóknaráætlun er stefnumótandi byggðáætlun sem auk framtíðarsýnarinnar felur í sér stöðumat, markmið og aðgerðir. Í menntastefnunni birtast einnig niðurstöður víðtækrar gagnaöflunar sem fram fór við gerð hennar. Þá var tekið mið af stefnu stjórnvalda í menntamálum og nýsköpun, en eru það óskir íbúa um aðgerðir sem móta framtíðarsýn, leiðarljós og markmið.

Megináhersla menntastefnunnar endurómar raddir Vestfirðinga sjálfra sem mótuðu framtíðarsýn fyrir þróun ólíkra málaflokka í fjórðungnum og birtist í Sóknaráætlun:

Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf.

Leiðarljós Menntastefnu Vestfjarða



Stock | #651512857



FRAMTÍÐARSÝN

UMHVERFI MENNTUNAR Á VESTFJÖRÐUM 2040

Á Vestfjörðum er einstakt umhverfi til náms og starfsþróunar. Öflugt samstarf vísindasamfélagsins, tæknigeirans og skapandi greina styðja við nýsköpun í námi og starfi með áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Nýsköpun hefur öðlast trausta fótfestu í atvinnulífi, mennta- og menningarmálum sem forsenda lífsgæða og framþróunar á svæðinu.

Virkt samstarf menntastofnana, atvinnulífs- og samfélags leggur grunn að farsælu lærdómssamfélagi á Vestfjörðum. Áherslur þess hvíla á gæðum og aðgengi menntunar sem eflir samkeppnishæfni í námi og starfi. Lærdómssamfélagið er opið sem gerir fólki kleift að skapa námsumhverfi sitt og velja formlegt eða óformlegt nám við hæfi.

Nám á öllum stigum fer fram víða í samfélaginu og í samvinnu ólíkra aðila. Íbúar á öllum æviskeiðum hafa aðgang að fjölbreyttum möguleikum til menntunar þar sem lögð er áhersla á eflandi og skapandi menntasamfélag fyrir alla samfélagshópa.

Sveigjanleiki er höfuðstef og mannlegi þátturinn í forgrunni með hæglæti, sjálfsstyrkingu, samkennd, virkni og hæfni til samskipta að leiðarljósi.



1. Hækka menntunarstig á Vestfjörðum með bætту aðgengi að hágæða menntun fyrir alla samfélagshópa

Aukin menntun er forsenda nýsköpunar og vaxtar í samfélaginu, hún eflir og bætir lífsgæði og afkomu íbúa. Markvisst verði unnið að því að efla samstarf á milli fræðsluaðila, atvinnulífs og samfélags Vestfjörðum til heilla. Námsframboð verði aukið bæði í staðnámi og fjarnámi fyrir ólíka hópa.

Unnið er að þessu markmiði með því að:

- ▶ Fræðslu- og menntastofnanir greini með reglubundnum hætti þarfir atvinnulífs og samfélags og koma til móts við þær með fjölbreyttu námsframboði
- ▶ Fræðslu- og menntastofnanir leggi sig fram um að auka framboð iðn- og verknáms á Vestfjörðum með áherslu á nýsköpun og tengingu við atvinnulíf
- ▶ Hvetja fræðslu- og menntastofnanir til að bæta aðgengi að fjarnámi á öllum stigum náms óháð námsvali
- ▶ Koma á samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila við endurskoðun og breytingar á námsleiðum
- ▶ Auka náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum
- ▶ Styðja sveitarfélög í að fjölga menntuðum leik- og grunnskólakennurum
- ▶ Samnýta kennara og virkja mannauð innan svæðis

2. Lærdómssamfélag á Vestfjörðum

Aukin samvinna milli sveitarfélaga, fræðsluaðila og atvinnulífs mun hjálpa til við að raungera þá framtíðarsýn sem sett er með Menntastefnu Vestfjarða. Hvatt verður til þess að skapað verði Lærdómssamfélag þessara aðila sem allir eiga mikið undir því að mennta- og fræðslumál séu ávallt í sem bestum farvegi. Hátt ákall er eftir auknu samstarfi á öllum sviðum og gæti það verið á hendi Lærdómssamfélagsins að stuðla að því. Jafnframt gæti það stutt við nýsköpun í viðum skilningi hvort sem hún væri á sviði menningar, samfélags, tækni eða vísinda og stuðlað að uppbyggingu rýma fyrir rannsóknir, nýsköpun og aðra sköpun.

Lærdómssamfélagið gæti beitt sér fyrir því að:

- ▶ Auka samstarf stjórnenda skóla og menntastofnana á Vestfjörðum.
- ▶ Auka samstarf og samskipti á milli skóla og annarra menntastofnana á Vestfjörðum
- ▶ Auka samstarf milli skóla, skólastiga og félagsmiðstöðva
- ▶ Auka samstarf og samskipti atvinnulífs við skóla og fræðsluaðila
- ▶ Sveitarfélög, fræðsluaðilar og atvinnulífið leggi sig fram um að koma til móts við þarfir um sveigjanleika vegna náms með vinnu
- ▶ Styðja við samstarf sveitarfélaga til að auka fjölbreytni og aðgengi að listnámi, iðn- og verkgreinum
- ▶ Stuðla að greiningu á þörfum fyrir sameiginlega og nútímalega skóla- og stoðþjónustu á Vestfjörðum
- ▶ Hvetja til samstarfs um stoðþjónustu og þjónustukaup þvert á skóla, líkt og ýmsa fjarþjónustu
- ▶ Hvetja til þess að settur verði á laggirnar sameiginlegur gagnabanki fyrir nám og aðferðir
- ▶ Nýta betur fjarfundi til aukins samstarfs milli skólastiga, fræðsluaðila, atvinnulífs og sveitarfélaga.

3. Fjölmeningarsamfélag sem leggur áherslu á jákvætt hugarfar, velferð og sterka sjálfsmynd

Áhersla er lögð á að efla alla íbúa Vestfjörðum í gegnum menntun og fræðslu sem leiðir til sterkari sjálfsmyndar, aukinnar velferðar og jákvæðara hugarfars gaxgnvart fjölbreytileika í víðum skilningi.

Unnið er að þessu markmiði með því að:

- ▶ Hvetja sveitarfélög til að tryggja faglega móttöku nemenda með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn á öllum Vestfjörðum
- ▶ Sveitarfélög, menntastofnanir og aðrir fræðsluaðilar vinni saman að því að koma til móts við ólíkar námsþarfir nemenda, auka virkni þeirra í námi og draga úr brotthvarfi
- ▶ Sveitarfélög leggi áherslu á að bjóða upp á öfluga samfélagsfræðslu fyrir fólk af erlendum uppruna
- ▶ Skólar á Vestfjörðum leggi áherslu á að efla jákvætt hugarfar, sjálfsmynd og velferð allra nemenda og starfsfólks
- ▶ Auka fræðslu um fjölmeningarsamfélög og gera það eftirsóknarvert að vera hluti af slíku samfélagi
- ▶ Sveitarfélög á Vestfjörðum komi sér upp móttökuáætlun fyrir nýja íbúa með áherslu á að virkja þekkingu, reynslu og styrkleika íbúa í samfélaginu



4. Nýsköpun til sjálfbærni og tenging við atvinnulíf og samfélag

Aukin nýsköpun innan fyrirtækja og stofnana er mikilvæg til að koma til móts við kröfur um sjálfbæra þróun í samfélögum og umhverfis- og loftslagsmálum. Aukin nýsköpun í skóla og fræðslumálum er nauðsynleg til að ýta undir sérstöðu svæðisins og mæta nýjum þörfum og áskorunum til framtíðar.

Unnið er að þessu markmiði með því að:

- ▶ Fyrirtæki og stofnanir auki svigrúm og tækifæri til endurmenntunar og þróunar í starfi til að efla nýsköpunar- og tæknifærni
- ▶ Sveitarfélög leggi áherslu á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í skólum og auki svigrúm til endurmenntunar og samstarf innan og utan skólastofnanna
- ▶ Skapa aðlaðandi umhverfi fyrir frumkvöðlastarf á Vestfjörðum m.a. með því að auka framboð stafrænna og skapandi smiðja
- ▶ Hvetja til aukinna rannsókna á háskólastigi í nærumhverfi og að aukið verði aðgengi að æðri menntun
- ▶ Áhersla verði lögð á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og sjálfbærni í skólum og annarri fræðslu
- ▶ Hvetja sveitarfélög í að þróa nýsköpunarskóla sem byggja á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í samvinnu við atvinnulíf og samfélag

5. Skapandi greinar og tenging við menningu og samfélag

Áhersla á skapandi greinar er í samhljómi við þá færni sem er mikilvæg fyrir framtíðaráskoranir. Skapandi og gagnrýn hugsun er þar mikilvæg ásamt getunni til að nota stafræna tækni við þróun og miðlun hugmynda og upplýsinga.

Unnið er að þessu markmiði með því að:

- ▶ Fræðslu- og menntastofnanir bjóði gott aðgengi að fjölbreyttu námi í listum og skapandi greinum
- ▶ Hvetja til samstarfs milli skóla, skólastiga, fræðsluaðila og sveitarfélaga innan og utan Vestfjarða í tengslum við listir og menningu
- ▶ Ýta undir samstarf atvinnulífs og menntastofnana til að auka notkun stafrænnar tækni og miðlunar

6. Námsumhverfi sem styður við menntun alla ævi

Með því að stuðla að góðu námsumhverfi í gegnum fjarnám, blandað nám eða staðnám aukast líkurnar á því að íbúar á Vestfjörðum, ungir sem aldnir, muni finna leið til að mennta sig og taka þátt í lærdómssamfélagi á sama tíma og stuðlað er að velferð þeirra.

Unnið er að þessu markmiði með því að:

- ▶ Mennta- og fræðslustofnanir bjóði upp á öflugt fjarnám og blandað nám fyrir grunn- og framhaldsskólanema
- ▶ Hvetja til aukins sveigjanleika í framhaldsskólanámi sem gerir ungu fólki kleift að búa heima en komast líka í skólana
- ▶ Efla skýja- stuðningsnet fyrir nemendur sem eru í fjarnámi eða blönduðu námi á framhaldsskólastigi
- ▶ Sveitarfélög leggi sig fram um að auka svigrúm til náms meðfram vinnu
- ▶ Hvetja mennta- og fræðslustofnanir til að bjóða upp á fleiri fjarnámsmöguleika á öllum skólastigum til að auðvelda fólki að bæta við sig menntun, símenntun og endurmenntun



HEIMILDIR OG GÖGN SEM LÁGU TIL GRUNDVALLAR MENNTASTEFNU VESTFJARÐA

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024 og Krossgötur – Sviðsmyndagreining Vestfjarða voru notuð til grundvallar Menntastefnu Vestfjarða. Einnig var stuðst við Menntastefnu 2030, Nýsköpunarstefnu 2030 og Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Gagna við gerð Menntastefnu Vestfjarða var aflað með margvíslegum hætti frá apríl-nóvember árið 2022. Að vori var haldinn stór fundur með hagaðilum þar sem hugmyndin um sameiginlega menntastefnu fyrir svæðið var kynnt og kallað eftir viðbrögðum. Í framhaldi af því fóru fram viðtöl við hagaðila á hverju svæði fyrir sig um stöðu fræðslumála og framtíðarsýn þeirra á því sviði, auk þess voru kannanir framkvæmdar meðal skólafólks og fræðsluaðila. Þá voru haldnir opnir íbúafundir á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði og viðtöl tekin við aðila úr atvinnulífinu. Þá voru raddir unga fólksins ekki undanskildar og komu þá með sínar tillögur á ungmennaþingi sem haldið var í Bjarnarfirði í nóvember.



Vestfjarðastofa

Útgefandi:
Vestfjarðastofa
Suðurgata 12 – 400 Ísafjörður – 450-6600
Ábm. Sigríður Kristjánsdóttir

Umbrot:
Pixel ehf/GBG